

Íbúð á Tenerife



Félagsmönnum Kjalar, stéttarfélags í almannaþjónustu, stendur til boða íbúð á sólareyjunni Tenerife sumarið 2019.

Íbúðin er í La Caldera Del Rey svæðinu á Costa Adeje. Frábærlega staðsett hús í rólegu hverfi skammt fyrir ofan verslunarmiðstöðina Siam Mall og Amerísku ströndina.

Stutt er í verslanir, veitingastaði og alla þjónustu.

Nútímaleg hönnun og glæsileiki einkennir húsið.

Útsýnið frábært og sólsetrið engu líkt.

Í húsinu eru þrjú svefnherbergi og þrjú baðherbergi. Gisting er fyrir 6-8 manns.

Einkasundlaug, garður/verönd með legubekkjum, stólum og borðum. Handklæði og lín til skiptanna.

Í íbúðinni, sem er reyklaus, er nettenging/WiFi.

Leigutímabil:

8. júní til 8. september 2019.

10 nætur (laugardagur-þriðjudagur): 85.000 kr.

11 nætur (þriðjudagur-laugardagur): 93.000 kr.

Gestir geta innritað sig frá kl. 16 á komudegi og þurfa að skila íbúðinni fyrir kl. 11 á brottfarardegi. Miðað er við flugáætlun WOW. Unnið er að kaupum á flugávísunum.




Innifalið:

Rúmföt, handklæði, gólfpríf og aðstoð eftir beiðni.

Gestir greiða 200 evrur í tryggingu við komu og fá endurgreitt við brottför ef ekki hlýst tjón af völdum gesta.

Hægt er að sækja um íbúðina á orlofssíðu Kjalar, www.kjolur.is, frá 4. janúar 2019.

Umsóknarfrestur er til 31. janúar. Úthlutað verður fljótt eftir það.



Undirbúningur kröfugerðar vegna kjaraviðræðna

Áhersla á styttingu vinnuvikunnar og krónutöluhækkun

Stytting vinnuvikunnar og krónutöluhækkun launa eru helstu áhersluatriði félagsmanna í komandi kjarasamningum samkvæmt niðurstöðu fundar trúnaðarmanna og stjórnar Kjalar, stéttarfélags í almannajónustu, sem haldinn var á Akureyri snemma nóvembermánaðar. Fundurinn var liður í undirbúningi kjaraviðræðna en samningar félagsmanna Kjalar renna út 31. mars næstkomandi.

Samstaða um vinnuvikustyttingu

Í vinnuhópum fundarins komu fram mörg atriði sem innlegg í vinnu samninganefndar félagsins en allir hóparnir nefndu styttingu vinnuvikunnar og að samið verði um krónutöluhækkunir og breytingu á launatöflu. Önnur helstu áhersluefni vinnuhópanna voru hækkun persónuafsláttar, afnám verðtryggingar, lækkun vaxta og lenging fæðingarorlofs. Húsnæðismál voru einnig nefnd, aukinn orlofsréttur, aukinn veikindaréttur vegna barna og ýmis sérmál.

Gert er ráð fyrir að Kjölur hafi samflot við önnur bæjarstarfsmannafélög í viðræðunum sem framundan eru og er miðað við að kröfugerð verði tilbúin í febrúarmánuði næstkomandi.

Góð þjónusta og upplýsingaflæði

Vinnuhópar ræddu einnig ýmis málefni sem snúa að félaginu



Vinnuhópur á fundi trúnaðarmanna og stjórnar Kjalar nú í nóvember.

sjálfu. Þjónusta skrifstofunnar og upplýsingaflæði frá félaginu fengu góða umsögn, sem og orlofshús félagsins. Ábendingar komu fram um hækkun styrkja, t.d. vegna gleraugnakaupa og sjúkraþjálfunar. Óskir komu einnig fram um aukið námskeiðahald á vegum félagsins og að félagsmönnum gefist kostur á orlofsíbúð erlendis. Eins og fram kemur á þessu upplýsingablaði er síðast-nefnda atriðið að verða að veruleika með íbúð félagsins á Tenerife næsta sumar.

Nýr hópur trúnaðarmanna

Efnt var til kosningar trúnaðarmanna Kjalar fyrir í haust og voru kosnir alls 38 trúnaðarmenn í sex deildum. Kjörtímabil þeirra er til 2020.

Siglufjarðardeild

Sigurbjörg Björnsdóttir Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Fjallabyggð

STAK deild

Áslaug Kristjánsdóttir Verkenntaskólinn á Akureyri
Björk Guðmundsdóttir Sjúkrahúsið á Akureyri - Kristnes
Erla Hrönn Unnsteinsdóttir Sundlaug Akureyrar
Eva Jónína Ásmundsdóttir Sjúkrahúsið á Akureyri - Vesturhluti
Guðrún Jóhannesdóttir Sjúkrahúsið á Akureyri - Læknaritarar
Helga Ingibjörg Jóhannsdóttir Sjúkraliðar -Dvalarh. Hlíð og Lögmanshlíð
Hermína B. Sigurðardóttir Grunnskólar Akureyrar
Hólmfríður S. Friðjónsdóttir Hlíðarfjall
Kristín Sigurðardóttir Bæjarskrifstofan
Ívar Aðalsteinsson Tónlistarskólinn á Akureyri
Lára Ólafsdóttir Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Akureyri
Ólafur Hafberg Svansson Framkvæmdamiðstöð
Ólöf Matthíasdóttir Sjúkrahúsið á Akureyri - Barnadeild, slysadeild og fl.
Páll Eypór Jóhannsson Norðurorka
Sigríður María Bragadóttir Strætisvagnar Akureyrar
Vilhjálmur Sveinn Bergsson Íþróttamannvirki
Puríður Jóna Steinsdóttir Amtsbókasafnið

Borgarfjarðardeild

Brynja Þorsteinsdóttir
Eiður Sigurðsson
Halldóra Harðardóttir
Ingi Rúnar Árnason
Kolbrún Alma Rafnsdóttir
Kristín Kristjánsdóttir

Leikskólinn Ugluklettur, Borgarnesi
Íþróttamiðstöðin Borgarnesi
Leikskólinn Andabær, Hvanneyri
Leikskólinn Klettaborg, Borgarnesi
Grunnskólinn í Borgarnesi
Grunnskóli Borgarfjarðar

Dalvíkurbyggðardeild

Arnheiður Hallgrímsdóttir
Gústaf Adolf Þórarinnsson
Halldóra Jóhannsdóttir
Helena Rut Kristmundsdóttir

Bæjarskrifstofa Dalvíkurbyggðar
Dvalarheimilið Dalbær
Leikskólinn Krílakot
Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar

FOSHÚN deild

Áslaug Ottósdóttir
Guðrún Soffía Pétursdóttir
Helga Jónína Andrésdóttir

Leikskólinn Barnaból, Skagaströnd
Félagsstarf aldraðra, Skagaströnd
Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Blönduósi

Skagafjarðardeild

Anna Katarzyna Szafraniec
Bogdís Una Hermannsdóttir
Einar Andri Gíslason
Friðrik Þór Jónsson
Halla Steinunn Tómasdóttir
Ólöf Ösp Sverrisdóttir

Leikskólinn Ársalir, Sauðárkróki
Leikskólinn Birkilundur, Varmahlíð
Ráðhús, Sauðárkróki
Sundlaug og grunnskóli Varmahlíð
Sundlaug Sauðárkrós
Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Sauðárkróki
Árskóli, Sauðárkróki

Sonja Sif Sigurðardóttir